
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2009-01
Fundartími:	Þriðjudagur 3. febrúar 2008 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Skipan starfshópsins og skipulag vinnu. 3) Raforkunotkun ársins 2008. 4) Fréttatilkynning um raforkunotkun 2008. 5) Notkunarflokkar raforku 2008 og gögn um afl. 6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:	
Raforkuhópurinn:	Íris Baldursdóttir Ívar Þorsteinsson Ásgeir Sigtryggsson Gunnar Aðalsteinsson Agnar Árnason Sigurður Ágústsson
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Pétur E. Þórðarson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) Engar athugasemdir við skipan starfshópsins eða skipulag vinnu.
- 3) JV fór yfir tölur um raforkunotkun ársins 2008. Hann sagði að allar tölur um vinnslu ættu að vera komnar en þó geta alltaf komið einhverjar lagfæringar en þær yrðu væntnalega einungis smávægilegar. Vinnsla í sumum virkjunum Landsvirkjunar liggur ekki fyrir og þarf að áætla hana. Það er gert út frá innmötun inn á Landsnet og þá notuð sömu tölur (með eigin notkun) og voru í fyrra. Einnig eru tölur fyrir Lagarfoss áætluð. ÍP ætlar að athuga hvort hægt sé að gera kröfur um mælingar á vinnslunni út frá raforkulögum. Flutningstöpur eru 400 GWh og stemma þau við tölur Landsnets. Samkvæmt þessum tölum hefur almenn notkun aukist um 2,8% og er aukningin heldur minni eftir hitastigsleiðréttingu þar sem árið 2008 var heldur kaldara en árið 2007. Stórnotkun hefur aukist um 53,3% vegna tilkomu Fjarðaáls og aukinnar notkunar Norðuráls. JV sagði að

aukning í forgangsorku væri 2,9% og 2,7% eftir hitastigsleiðréttingu svo aukningin væri minni en á síðustu árum. Ótryggð orka jókst um 2,2%. JV sagði að tölurnar væru fengnar úr gömlu hitastigsleiðréttingunni en hann mundi núna setja þetta inn í nýtt form en það hefði einungis smávægilegar breytingar í för með sér.

- 4) JV hafði tekið fréttatilkynningu síðasta árs og sett inn nýjar rauntölur og gert smávægilegar breytingar á textanum. Dreifði hann uppkasti að fréttatilkynningunni og fór yfir hana. Íris benti á að lagfæra síðustu setninguna í fyrstu málsgrein. SÁ benti á að fólki skyldi ekki hitastigsleiðréttu orkunotkun og gott væri að skýra einingarnar GWh og MWh og var ákveðið að setja skýringar í skjalið. ÁS benti á að setja skýringu inn á mynd 4 við árið 1988 þegar notkun ótryggðrar orku minnkar mikið. ÍP ætlar að athugan hvort Orkustofnun muni gefa tilkynninguna út eins og í fyrra. Fundarmenn ætla að fara betur yfir tilkynninguna og senda JV athugasemdir fyrir lok vikunnar.
- 5) IB sagði að einungis væru komnir notkunarflokkar frá Norðurorku og Orkuveitu Reykjavíkur. IB fór yfir ferlið sem við fáum gögnin eftir og benti á að gögn um vinnslu hjá Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja færu ekki í gegnum Netorku og betra væri ef þetta færi í sama farveg eins og aðrar raðir. Einnig er alltaf vandamál með gögn um vinnslu hjá Hitaveitu Suðurnesja. Hann sýndi einnig tilkynningu sem kemur frá Netorku þegar raðir breytast hjá þeim og sagði að gott væri að fá sambærilegt frá Landsneti. JV sagði að stefnt væri að því að öll gögn um notkunarflokka og aflgögn lægju fyrir snemma í mars.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 3. mars 2008.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

- Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins 2008. Drög 1.

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflum um raforkuvinnslu og notkun á árinu 2008.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
Ívar	Athuga með útgáfu á fréttatilkynningu
Ívar	Kröfur um gagnaskil vinnslufyrirtækja
Jón	Ganga frá hitastigsleiðréttingu
Jón	Ganga frá fréttatilkynningu